



Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframleiðendur og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

Alþingi
Erindi nr. P 143/234
komudagur 15.11.2013

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

15. nóvember 2013

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum (endurskoðun matsskýrslu), 120. mál.

Skv. frumvarpinu verður stytur sá tími sem framkvæmdaaðili hefur til að hefja framkvæmdir um þrjú ár, úr tíu árum í sjö, án þess að óska þurfi ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi matsskýrslu og málsmeðferð vegna hennar þar með að fara fram að nýju. Ennfremur er gert ráð fyrir því að frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála geti óskað eftir slíkri endurskoðun.

Að mati Samorku eru tíu ár ekki of langur tími í þessu sambandi, ýmis atriði geta orðið þess valdandi að framkvæmdir tefjist, sem ekki eru allar á valdi framkvæmdaaðila. Hér mætti nefna sem dæmi virkunarkosti sem í kjölfar slíkra matsferla hafa verið til umfjöllunar á vettvangi verkefnisstjórnar um rammaáætlun. Ennfremur breytingar á forsendum um þróun íbúabyggðar, t.d. vegna ófyrirséðs samdráttar í efnahagslífinu. Samorka leggst gegn þessari breytingu.

Samorka leggst jafnframt gegn síðarnefndu tillögunni, um heimild frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfismála til að óska eftir slíkri endurskoðun. Minnt er á að löginn tryggja (í 10. gr.) öllum, þar með talið slíkum samtökum, heimild til að gera athugasemdir við framkvæmdina á fyrri stigum. Sama gildir, hvað varðar slík samtök með 30 meðlimi eða fleiri, um 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Engin ástæða er því að mati Samorku til að bæta við slíkum kærheimildum á síðari stigum.

Samorka leggst því gegn samþykkt frumvarpsins.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri